
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2003-02
Fundartími: Föstudagur 14. nóvember 2003 kl. 10:00
Fundarstaður: Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14

Fundarefni:

- 1) Störf jarðvarmahóps og jarðvarmaspá.
- 2) Almennar forsendur orkuspáa.
- 3) Störf raforkuhóps.
- 4) Raforkunotkun fyrstu níu mánaða ársins 2003.
- 5) Störf eldsneytishóps og eldsneytisnotkun 2003.
- 6) Skipun nefddarinnar og hópa. Vinna ársins 2004.
- 7) Önnur mál

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Þorkell Helgason
Jarðvarmahópur: Hreinn Frímansson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Orkustofnun: Árni Ragnarsson

- 1) JV og IB fóru yfir uppkast að jarðvarmaspá sem sent hafði verið með fundarboðinu. Samþykkt var að senda skýrsluna í íslensku yfirlestur og gefa hana síðan út í lit. ÞH stakk upp á að kynna spána á blaðamannafundi sem væri framundan með iðnaðarráðuneyti og var það samþykkt.
- 2) JV sagði að almennar forsendur hefðu verið uppfærðar vegna jarðvarmaspár og verið væri að uppfæra þær vegna raforkuspár.
- 3) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman og unnið hefur verið að endurskoðun spár. Hann sagði að enginn fulltrúi hefði komið í hópinn frá Orkuveitu Reykjavíkur í stað Ívars Þorsteinssonar.
- 4) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 0,1% frá fyrra ári. Flutningstöp hafa aukist um 11,1% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 1,5%. Stórnotkun minnkar um 0,4% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar minnkar um 0,1%. Forgangsortka minnkar um 2,2% og sala á ótryggðri orku jókst um 13,6%. Þriðji ársfjórðungur var hlýrri en á síðasta ári eða 11,2°C í stað 10,1°C og hafa allir ársfjórungar verið hlýrri en á síðasta ári.

Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku minnkar um 0,2% á fyrstu níu mánuðum ársins. JV sagði að aukningin á þriðja ársfjórðungi væri þó meiri en á fyrri helmingi ársins. Mikil breyting er því í aukningu raforkunotkunar og greinilegt að hagvöxtur er lítill. Hann fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðunum og er aukningin í forgangsorku eftirfarandi: Suðurnes (-0,8%), Hafnarfjörður (6,0%), Orkuveita Reykjavíkur (1,2%), Rafmagnsveitur ríkisins (-5,9%), Norðurorka (-1,0%) og Orkubú Vestfjarða (-5,0%).

- 5) JV dreifði töflum með eldsneytisnotkun síðasta árs til fundarmanna en Eldsneytishópurinn mun afgreiða þessar tölur frá sér í næstu viku og þá verða þær settar á heimasíðu nefndarinnar.
- 6) JV dreifði nokkrum tillögum að nýju skipulagi Orkuspárnefndar. Fundarmenn voru sammála að slíkar breytingar væru nauðsynlegar m.a. vegna nýrra raforkulaga. ÞH ættlar að skoða þetta betur og ræða við flutningssvið Landsvirkjunar um þeirra þátttöku. Einnig var nefnt að kynna starf nefndarinnar fyrir þeim fyrirtækjum sem tengjast starfinu og var samþykkt að stefna að því í janúar og fá Samorku til að koma að því með nefndinni. Ákveðið var að JV sendi til Orkustofnunar áætlun í samræmi við störf nefndarinnar á undanförunum árum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 11:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 14. nóvember 2003. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Eldsneytisnotkun 2002. (JV)
- Breytt skipulag Orkuspárnefndar. (JV)

Sýnt var á netinu:

- Raforkunotkun 2003, fyrstu níu mánuðir ársins.
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita.